

hýddur, ef eg geri það ekki." En ef þú hefðir spurt einhvern af hinum gömlu heiðnu heimspekingum að þessari spurning, þá hefði hann svarað: „Af því það er hverjum manni ésambodið, að breyta öðruvísi." Hugmyndin sem kemur fram í síðasta svarinu er eins ólík hugmyndinni í hinum tveimur, eins og sélin er ólík reiðingstorsu. Hobbistinn og sá kristni eru að vinna fyrir launum, og vér getum ekki álitið það dygð, en heiðni heimspekingurinn er ekki að hugsa um nein eftirköst eða umbun. Hann álitur það sjálfsagt að segja satt, af því það sé satt, segja sannleikann fyrir sannleikans skuld, en í mörgum tilfellum væri það ekki hygni, og er það algerlega gagustætt kenningu Utilitariana, sem kenna að hygni og dygð sé eitt eg hið sama, en samt mundum vér álita hann dygðugri en hina two. Ef sú kennung Utilitariana væri rétt, að dygðin væri ekkeit annað en hygni og leitun að farseld, þá hlyti það líka alt að vera dygð, er mesta farseld veitti. Nú vitum vér að þær kringumstæður geta verið, þar sem afleiðingarnar af því, sem vér köllum glæpi, geta verið góðar. Það er varla sú athöfn til, sem vér nefnum ódygdir, þjófsnaður, rán, mord, lýgi, að við getum ekki hugsað okkur þær kringumstæður, að öll þessi verk, væri þau framin, hefði betri afleiðingar, heldur en ef þau væri óframin. En ef breytt væri samkvæmt þessari reglu, mundi öll mannfélagsskipun komast á ringulreið. Utilitarianar hafa reynt að verja þetta, en sú vörn þeirra er töluvert flókin og virðist ekki vera á sterku rökum bygð. Margt fleira hefir verið rætt ogritað gagnstætt kenningu þeirra, en það er naumast tími til að minnast á fleira.

Þá komum vér að því síðasta, nefnilega ástæðum þeirra „Intuitionistanna". -- Þeir halda því fram, að frá náttúrunnar hendi höfum vér þegið þá gáfu, að vilja gera það sem gott er, en ekki það sem ilt er. Þeir neita alls ekki, að afleiðing af dygðum sé góð, þeir fyllilega eru Utilitariönum samdóma í því, en þeir halda því fram, að það góða, sem dygðin hafi í för með sér, sé fremur afleiðing af dygð, heldur en orsök til dygða. Þeir halda því fram fyrst, að vilji vor stjórnist ekki eingöngu af því lögmáli, er þekkir að eins ánægju og böl, heldur stjórnist